



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 10. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um breytingar á uppgjorsreglum virðisaukaskatts o.fl. til skoðunar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar breytingar á uppgjorsreglum virðisaukaskatts o.fl. til skoðunar, mál S-158/2025. Málið varðar reglur um uppgjörstímabil og gjalddaga virðisaukaskatts ásamt reglum um uppgjör á virðisaukaskatti vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi. Samtökin fagna því að til skoðunar séu breytingar sem miða að einfaldara, skýrara og hagkvæmara kerfi fyrir uppgjör og skil virðisaukaskatts. Samtökin styðja breytingatillögu þess efnis að virðisaukaskattskyld fyrirtæki þurfi ekki að leggja út fyrir virðisaukaskatti við tollafgreiðslu við innflutning. Hvað aðrar breytingartillögur varðar telja samtökin nauðsynlegt að ráðuneytið endurskoði útfærslur en að óbreyttu myndu breytingarnar auka verulega umsýslu og fjárhagslega byrði fyrirtækja. Nánar verður fjallað um áhrif þess hér í framhaldi.

Innflutningur virðisaukaskattskyldra aðila

Samtökin fagna þeirri breytingu að lagt sé til að aðilar þurfi ekki að leggja út fyrir virðisaukaskatti við innflutning á vöru skattskyldrar starfsemi. Þess í stað teljist fullnægjandi að virðisaukaskattur sé færður til útskatts og jafnframt talinn fram sem innskattur innan sama tímabils. Núverandi fyrirkomulag hefur gert fyrirtækjum í innflutningi, sér í lagi þegar um ræðir dýran búnað, erfitt fyrir þar sem að þau hafa þurft að binda fjármagn í tímabundinni greiðslu sem er síðar endurgreidd. Dæmi eru um að íslensk fyrirtæki hafi orðið af umfangsmiklum fjárfestingum og sú fjárfesting ratað til annarra ríkja þar sem ekki er gerð krafa um fjármögnun á virðisaukaskatti við tollafgreiðslu. Samtökin telja mikla hagræðingu felast í umræddri breytingartillögu auk þess styður hún við samkeppnishæfni Íslands vegna erlendra fjárfestingu.

Gjalddagi virðisaukaskatts

Gert er ráð fyrir að gjalddagi verði 21. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Samtökin benda á að breytingin getur haft afar neikvæð áhrif á ákveðna starfsemi, má þar nefna starfsemi í byggingar- og mannvirkjagerð, þar sem greiðslufrestur virðisaukaskatts yrði verulega skertur. Í því samhengi má nefna að ÍST-30 staðallinn veitir þriggja vikna greiðslufrest reikninga og flest útboðsgögn veita innkaupaaðilum enn frekari greiðslufresti. Þá benda samtökin sérstaklega á að hið opinbera, þ.e. ríki, sveitarfélög og stofnanir, er í nánast öllum tilvikum ekki búíð að greiða reikninga innan 21 dags tímabils. Myndi umrædd breyting því setja fyrirtæki sem vinna fyrir opinbera aðila í þá ómögulegu stöðu að leggja út fyrir virðisaukaskatti



án þess að þeim hafi borist greiðslur fyrir umrædd verkefni. Í ljósi þessa leggja samtökin ríka áherslu á mikilvægi þess að gjalddagi virðisaukaskatts verði lengdur og tillögurnar endurskoðaðar.

Uppgjörstímabil og veltuviðmið

Tillagan felur í sér að eingöngu verði tvö uppgjörstímabil, mánaðar- og tveggja mánaða skil, með 60 m.kr. veltumörk fyrir mánaðarskil. Samtökin benda á að umræddar breytingar munu hafa neikvæð áhrif á fjölda fyrirtækja vegna kröfu um örari skil virðisaukaskatts. Slík breyting kallar á aukið vinnuframlag og lendir sá kostnaður á fyrirtækjum. Þá þarf að líta til þess að mörg fyrirtæki kaupa utanaðkomandi þjónustu sérfræðinga við skil á virðisaukaskatti og leiðir breytingin þannig til aukinnar umsýslu og kostnaðar sem kemur hvað verst niður á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Samtökin telja rétt að veltuviðmið verði hækkað til að fleiri fyrirtæki njóti tveggja mánaða skila en breytingin hefur hvað mest áhrif á minni fyrirtæki. Aðstæður hér á landi benda til að eðlilegt væri að miða við hærri mörk, t.d. 150 m.kr., svo stærri hópur lítilla og meðalstórra fyrirtækja geti áfram verið í tveggja mánaða skilum.

Þó samtökin styðji almennt áform um einföldun virðisaukaskattskerfisins er jafnframt hvatt til þess að ígrunda vel áhrif sem afnám á undanþágum og sérreglum kunna að hafa, þar sem veigamikil rök standa að baki mörgum þeirra. Áhersla á aukna skilvirkni byggist fyrst og fremst á því að kerfin virki fyrir þá sem þurfa að nota þau og mega áformin því ekki snúast í andhverfu sína með einföldun fyrir hið opinbera en auknum flækjum fyrir atvinnulíf og almenning.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

Lilja Björk Guðmundsdóttir
Yfirlögfræðingur